

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal 308 — 146. mál.

Síðari umræða.

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Lýðveldisins Norður-Makedóniu.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Jóhannsdóttur, Ólöfu Hrefnu Kristjánssdóttur og Ágúst Má Ágústsson frá utanríkisráðuneyti.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild Lýðveldisins Norður-Makedóniu sem gerður var í Brussel 6. febrúar 2019.

Samkvæmt ákvæðum samningsins öðlast hann gildi þegar allir aðilar Norður-Atlants-hafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkjanna, vörlusaðila samningsins, um staðfestingu sína á honum. Í kjölfarið mun framkvæmdastjóri NATO bjóða ríkisstjórn Norður-Makedóniu að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum.

Lýðveldið Norður-Makedónía gerðist sjálfstætt undir nafninu Makedónía 8. september 1991 en var áður hluti Júgóslavíu. Vegna andstöðu Grikka við nafn ríkisins og höfnum viðurkenningu heitisins bauð Atlantshafssbandalagið ríkinu aðild að Friðarsamstarfinu árið 1995 undir heitinu Fyrrum Júgóslavíulyðveldið Makedónía (FYROM) og hefur það starfað með bandalaginu undir því heiti allar götur síðan. Ríkinu var boðið til undirbúningsviðræðna um hugsanlegt aðildarferli og umbætur árið 1999 þar sem fyrir lá að leysa yrði ágreining um nafn landsins áður en til aðildar kæmi.

Í kjölfar samkomulags stjórnavalda í Aþenu og Skopje samþykktu utanríkisráðherrar Atlantshafssbandalagsins í júlí 2019 að bjóða ríkinu inngöngu í bandalagið. Ríkið greiðir sjálf kostnað við aðlögun eigin varna að samræmdu varnarkerfi bandalagsins og er ekki gert ráð fyrir að núverandi aðildarríki þurfi að breyta eigin varnaráætlunum, auka útgjöld til varnar-mála eða bera á nokkurn hátt viðbótarkostnað af inngöngu Lýðveldisins Norður-Makedónía.

Við þetta fjölgar aðildarríkjum bandalagsins í 30 og hefur Atlantshafssbandalagið ávallt lagt áherslu á að stækku þess leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu og ýti enn frekar undir þá lýðræðispróun sem orðið hefur í nýju aðildarríkjunum.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði **samþykkt**.

Bryndís Haraldsdóttir og Gunnar Bragi Sveinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. október 2019.

Sigríður Á. Andersen, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Álfheiður Eymarsdóttir.
form. frsm.

Ásgerður K. Gylfadóttir.

Logi Einarsson.